

Bls. 6-7

Úr sagnabrunni Gísla:
Ferðin upp á Skaga sem endaði á
Akureyri

Bls. 2

Lítill fótboltasaga:
Helgi Dagur Halldórsson sem er margreyndur
ljósmyndari mætti á fótboltavellina með
myndavélina.

Litli Hver

03. tbl. 2024

Klúbburinn Geysir
verður 25 ára á þessu ári



Lítill fótboltasaga

Helgi Halldórsson segir frá:

Í byrjun árs, nánar tiltekið í janúar byrjaði fótboltinn að rúlla með leikjum á Reykjavíkurmóti karla og kvenna auk Lengjubikars karla og kvenna í febrúar sem verður spilað fram í mars. Það kom ekkert á óvart að Helgi Dagur Halldórsson sem er margreyndur ljósmyndari var mættur á fótboltavellina með myndavélina. Nú er hann að hefja sitt þriðja ár að fanga hinar ýmsu hliðar á íslenska fótboltanum auk landsleikja sem verða nú vonandi nokkrir í ár. Svo býst hann ekki við öðru en að mynda leiki í Bestu deild karla, kvenna og alveg örugglega í fleiri deildum. Svo er hann líka með einstaklega næmt og gott auga á allt sem er að gerast í kringum hann og endalusa ástríðu.



Mynd frá leik Þróttar og HK í 2. umferð í Bikarkeppni KSÍ, Mjólkurbikar karla þegar Þróttur R. og HK mættust á Þróttarvellinum 23. apríl 2022. Leiknum lauk með 3 : 0 sigri HK.



Einn af eftirminnilegustu leikjum sem Helgi hefur myndað var Ísland gegn Portugal 20. júní 2023 á Laugardalsvelli. Þar var Ronaldo í aðalhlutverki og öll athyglin beindist að honum enda einn af bestu fótboltamönnum sögunnar.



Margrét Lára fagnar marki gegn Serbíu á laugardalsvelli 17. ágúst 2009. Þetta var fyrsti fótboltaleikurinn sem Helgi ljósmyndaði og áttu þeir heldur betur eftir að verða fleiri. Helgi er enn að mynda knattspyrnuleiki.

Litli Hver Útgefandi: Klúbburinn Geysir. Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Þórunn, Fannar, Kristinn, Gísli, Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur kgeysir@kgeysir.is Heimasíða: www.klubburinngeysir.is Facebook: Klúbburinn Geysir, Instagram: klubburinn_geysir #geysirclubhouse

KLÚBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA

Þorrablót Geysis 2024



Mikil gleði var á þorrablóti Geysis, fólk borðaði þorramatinn af mikilli innlifun. Sumir voru að smakka matinn í fyrsta skipti og mæltist hann misvel hjá

þeim. Hákarlinn var ekki vinsæll hjá þeim sem smökkuðu í fyrsta skiptið, en þegar við kynntum súru hrútsþungana sagði einn að þeir brögðuðust eins og ostur....já já misjafnt er bragðskyn manna. Geysisbandið hélt uppi stuðinu, Hulda Traustadóttir söng lagið „Önnur sjónarmið,, fyrir gestina og fékk mikið klapp fyrir. Svo tók hún lag með Kim starfmanni í eldhús- og viðhaldsdeild og sungu þær,, Killing me softly,, Kvöldið endaði með fjöldasöng. Allir sáttir og saddir í lok blótsins. :)

Matseðill fyrir mars 2024

Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

**Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.
Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00**

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
				1. Pizza og epla- grautur	
4. Lauksúpa	5. Rafmagnslaust - Útivistardagur	6. Spaggetti Bolognese	7. Hlaðborð	8. Kjúklingabringa og franskar. Jarðaberjagrautur	
11. Blómkálssúpa	12. Fiskur í raspi með remúlaði	13. Pastasalat	14. Hlaðborð	15. Trukkaborgari. Sveskjugrautur.	
18. Ommeletta	19. Fiskibollur	20. Súrsætur svína- réttur	21. Hlaðborð	22. Kalkúnn. Bláberjagrautur.	
25. Pylsur með öllu	26. Ofnbakaður fiskur	27. Lasagne	28. LOKAÐ	29 LOKAÐ.	
30. Páskaveisla					

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um aukna fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.



Valentínusardagurinn

Valentínusardagurinn var haldinn hátíðlegur hér í Klúbbnum Geysi. Húsnæði, borð og veggir skreytt með ást og alúð. Hvert sem litið var sáum við hjörtu og blómvöndurinn gladdi augu okkar og hjörtu.



Spurning mánaðarins

Hvað borðaðir þú margar bollur?



Úr sagnabrunni Gísla

Ferðin upp á Skaga sem endaði á Akureyri

Seinni hluti

Þá var leiðin greið til Skagastrandar og þangað héldum við. Þegar við komum að gatnamótunum að þorpinu var mjög aflíðandi en kröpp beygja. Við fórum í hana á góðum hraða og það var svo skemmtilegt að við snerum við og fórum aftur í hana. Þetta var á þeim árum þegar malarvegir voru algengir á Íslandi. Á



Skagaströnd hittum við engan sem Friðrik þekkti svo við héldum til baka en Friðrik hafði frétt af því að einhverjir vinir hans væru í vegavinnu á

heiddinni milli Húnavers og Varmahlíðar. Það gekk eftir en ég var sjálfur orðinn lítið sofinn og töluvert ölvaður. Ég sofnaði á eldshúbeknum í kaffiskúrnum, héldum svo daginn eftir í Varmahlíð. Þá vorum við orðnir blankir aftur, þannig að ekki hefur mamma sent mér mikinn pening úr því hann dugði ekki lengur en í Varmahlíð. Þá voru góð ráð dýr. Ég fór því í símaklefan í pósthúsinu og hringdi í mömmu:

„Hvar ertu?“ spurði mamma þegar hún svaraði

„Ég veit það ekki,“ sagði ég, opnaði símaklefan og kallaði. „Hvar erum við?“

Einhver frammi svaraði:

„Varmahlíð“.

Ég ræddi málin við mömmu sem vildi að við kæmum beint heim. Ég

lofaði öllu fögru og var til í það. Hún sendi okkur svo pening. Þegar við vorum að leggja af stað komu tvær stelpur og spurðu hvort við værum að fara á Akureyri. Við sögðum svo vera og keyrðum þær til Akureyrar. Þá var Tobbi tekinn við akstrinum og Friðrik farinn að drekka.

Ferðin til Akureyrar gekk vel þangað til við komum að einhverjum ljósa-stýrðum gatnamótum. Þá negldi Tobbi svo harkalega niður þegar hann sá rautt ljós svo það sprakk bremsurör. Stelpurnar fóru svo út einhvers staðar og við sáum þær ekkert aftur, en við ákváðum að halda í bæinn og létum aðvörunarljós í mælaborðinu um bilun í



bremsum ekki trufla okkur. Þannig héldum við suður.

Á Holtavörðuheiði sprakk dekk að aftan. Ég var sofandi aftur í, en Tobbi og Frikki tjökkudu bílinn upp tóku dekkið undan og héldu með dekkið niður í Borgarnes, en skildu mig eftir sofandi í bílnum á tjakknum. Þegar ég vaknaði þarna upp á heiði hélt ég að ég væri staddur í myndinni „The Car“ sem fjallaði um einhvern andsetinn bíl. Ég fór út, sá að bíllinn var á tjakknum, fór því aftur inn í bíl, var drullu kalt

og beið þangað til þeir komu aftur með viðgert dekkið. Héldum við áfram. Í Norðurárdalnum mættum við stórum truck sem varð til þess að við misstum stjórn á bremsulausum bílnum og lentum útaf og þá



spakk aftur. Það varð ekkert tjón á bílnum, en við urðum að komast aftur í Borgarnes að láta gera við dekkið. Það gekk ágætlega þangað til að í Hvalfirðinum mætum við mömmu og pabba og

pabba hans Tobba á sitt hvorum bílnum. Það voru allir farnir að hafa áhyggjur af okkur, svo þeir fylgdu okkur í bæinn, annar á undan og hinn á eftir.

Þegar við komum heim spurði pabbi hvort hægt væri að keyra bílinn á verkstæði. Ég sagði já við því, en þegar pabbi ætlaði að fara út úr stæðinu sem var í bílakjallara í Dal-selinu þá virkuðu bremsurnar ekki. Þannig að hann lagði honum aftur en reddaði síðar.



Hlaupársdagur

29. febrúar

er hlaupársdagur samkvæmt gregoríska tímatalinu og ber því aðeins upp á hlaupári. Hann er þá 60. dagur ársins og eru 306 dagar eftir af árinu.

Hlaupár eru ár þar sem auka degi eða mánuði er bætt við almanaksár til að leiðrétta skekkju í tímatali, sem orsakast af því að árstíðaárið er í raun og veru um 365,2422... dagar. Í Gregoríska tímatalinu koma þau að meðaltali upp á rúmlega 4 ára og 45 daga fresti. Önnur ár eru almenn ár.

Eratostenes stakk fyrstur manna upp á hlaupári, en Júlíus Caesar innleiddi það árið 46 f.Kr. Hlaupársdegi var síðan bætt inn eftir vorháttíðina Terminalia sem haldin var 23. febrúar hvert ár en það var síðasti mánuður ársins í Rómverska keisaraveldinu og 1. mars var nýársdagur. Hlaupárið varð síðan alltaf 4. hvert ár. Þetta tímatal var kallað Júlíanska tímatalið og var í gildi á Íslandi þar til í október árið 1700.

Með Gregoríska tímatalinu var hlaupársskipulaginu breytt þannig að eingöngu aldamótaár, sem talan 400 gekk upp í varð hlaupár en að öðru leyti var alltaf hlaupár 4. hvert ár. Þetta tímatal er kennt við Gregoríus 13. páfa, sem lét reikna það út og tók upp notkun þess og breiddist það svo smám saman út um heiminn.

Á Íslandi var Gregoríska tímatalið tekið upp í byrjun október árið 1700. Þá var 10 dögum sleppt úr, svo að í stað 1. október kom 11. október. Dagarnir 1. til 10. október árið 1700 hafa því aldrei verið til á Íslandi.



Litli Hver

Félagsleg dagskrá í mars

Fimmtudagur 7. mars

Borgarsögusafnið

Fimmtudagur 14. mars

Ganga í kringum Vífilstaðavatn

Fimmtudagur 21. mars

Ganga upp Þúfuna á Granda

Fimmtudagur 28. mars

Skírdagur LOKAÐ



Forsíðumyndin

Myndin var tekin á Sergelstorg í Stokk-hólmi. Ásta félagi og Kristinn starfsmaður fóru í fjögurra daga ferð á Nordic Thematic ráðstefnu Erasmus+ vegna alþjóðlegrar sjálfbóðaliðavinnu. Klúbburinn Geysir hefur verið með 22 sjálfbóðaliða í gegnum árin.

Meira um ferðina til Svíþjóðar og ráðstefnuna í heild sinni í næsta Litla Hver!

Afmælisveisla félaga sem eiga afmæli í mars verður haldin þriðjudaginn 26. mars kl. 14.00



Clubhouse International
Creating Community: Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa

Frakkar í heimsókn



Geysir fékk óvænta heimsókn föstudaginn 16. febrúar stl. Þetta voru systkinin Flore og Robin frá Clubhouse Lyon í Frakklandi. Þau kynntu sér starfsemina í Geysi og skoðuðu húsnæðið. Einnig sögðu þau frá Klúbbhúsinu sínu í Lyon, sem nú hefur starfað í um sjö ár og sýndu myndir frá félagslegri dagskrá. Í Frakklandi eru nú starfandi 10 klúbbhús. Við í Geysi færum þeim þakkir fyrir fróðlega og ánægjulega heimsókn.

Þórðarspeki

Betra er tromp á hendi en Trump í framboði.